



# 70% of OC House members have collaborated with another member

## English summary

---

Co-working spaces are known for fostering collaboration and promote learning. The Ocean Cluster House in Iceland was established in 2012. The House provides both open work space as well as closed offices which share meeting rooms, coffee etc. In the beginning, 10 companies started in the facilities and now over 90 companies have a work space in the OC House.

The OC House has focused mainly on ocean related companies but also emphasizes on the importance of bringing in companies which may add to the seafood value line, such as marketing, product design, supporting services etc.

The Iceland Ocean Cluster did a survey among all the companies in the OC House where they were asked what kind of collaboration if any they had with other companies in the OC House.

The result was that 70% of the companies had some kind of collaboration with at least one other company in the OC House in the period 2016-2017. Researching further the types of collaboration, there does not seem to be any specific type of collaboration which has emerged.

Some examples are:

Company with 2 years experience in sales of their new product started selling products for a startup company.

Companies started a new food manufacturer.

Biotech companies shared knowledge and resources regarding grants proposal writing.

Company bought shares in startup.

Companies collaborate in electric ship design.

The success of the OC House indicates an opportunity for the seafood industry to strengthen this type of co-working space within the Ocean Cluster network both in the US and Europe.

For further information contact Berta Daníelsdóttir and Vilhjálmur Jens Árnason in tel. +354-577-6200

---

# The Icelandic version

Ein helsta ástæða góðs árangurs klasafyrirtækja um allan heim er án efa sú að klasa má sumpart telja eitt þekktasta form af því sem nefnt hefur verið deilihagkerfið. Með deilihagkerfinu er átt við að fyrirtæki eða einstaklingar leiti nýrra leiða til að samnýta auðlindir eða framleiðslutæki.

Í Húsi sjávarklasans eru nú starfandi um 90 fyrirtæki og yfir 140 einstaklingar eru skráðir með starfsstöð í húsinu. Fyrirtækin eru af ýmsum stærðum og gerðum. Um nær öll fyrirtækin tengjast sjávarútvegi, annarri haftengdri starfsemi eða matvælaíðnaði. Húsið hóf starfsemi árið 2012 og þá voru 10 fyrirtæki sem hófu starfsemi í húsinu með um 30 starfsmenn. Fljótlega eftir opnun var sett á laggirnar fyrsta opna vinnurýmið fyrir frumkvöðla og eru fjögur slík rými starfrækt í húsinu um þessar mundir.

## Árangur sameiginlegra skrifstofurýma

Samkvæmt úttekt sem gerð var á vegum Íslandsstofu, Samtaka iðnaðarins og fleiri aðila árið 2014 í tengslum við hugsanlega stofnun hugbúnaðarklasa kom fram að jafnvel þó nokkur hugbúnaðarfyrirtæki væru í sömu byggingu, í eins konar skrifstofuhótel, væru líkur á samstarfi ekki miklar nema að fyrirtækin væru að deila sameiginlegu rými.

Skrifstofuhótel hafa tíðkast víða um heim um áratugaskeið en sameiginleg vinnurými (coworking spaces) eru mun nýrri af nálinni. Munurinn á þessu tvennu liggur fyrst og fremst í því að í sameiginlega vinnurýminu er lagt meira kapp á sameiginleg rými; fundarými, kaffistofur, opin rými þar sem mörg fyrirtæki hafa vinnuástöðu og í sumum tilfellum viðburðastjórnun af einhverju tagi sem hefur að markmiði að ýta undir samstarf og efla samfélag fyrirtækjanna. Í gegnum sameiginleg rými skapast grundvöllur til formlegra og óformlegra samskipta sem geta leitt af sér ný og ófyrirséð viðskiptatækifæri.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til að með því að raða fólki saman í sameiginleg vinnurými, aukist gæði nýsköpunar og framleiðni. Í rannsókn Harvard háskóla, sem gekk undir nafninu Collocation-Collaboration, voru skoðaðar 35.000 útgefnar greinar á sviði lífvísinda eftir 200.000 höfunda sem birst höfðu í 2000 vísindaritum á tímabilinu 1998-2003. Greinarnar voru ritaðar innan fjögurra helstu rannsóknarmiðstöðva á svæði Harvard háskólans. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að nálægð höfunda við hvern annan skýrir hversu mikil áhrif sameiginlegar greinar þeirra eru taldar hafa í vísindasamfélaginu. Önnur rannsókn sem gerð var á teymisvinnu sýndi með sama hætti að því nær sem þátttakendur störfuðu því meiri urðu afköst hópans.

Samkvæmt athugunum hjá wework í Bandaríkjunum, sem er stærsta fyrirtæki í heimi á sviði sameiginlegs vinnurýmis fyrirtækja, hefur um 50% fyrirtækja sem nýta sér aðstöðu í wework verið í samstarfi við önnur fyrirtæki innan wework.

Samkvæmt athugun sem gerð var í Húsi sjávarklasans er þetta hlutfall um 70% þegar horft er til síðustu tveggja ára. Engin ein skýring er ugglaustr fyrir því hvers vegna þetta hlutfall er hærra í Húsi sjávarklasans en hjá fyrirtæki á borð við wework. Þó er líklegasta skýringin sú að í Húsi sjávarklasans eru að uppistöðu til fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi og innlendum matvælaíðnaði. Húsið hefur því markað sér vissa sérstöðu og líklegt má telja að þar sem stór hluti íbúanna hefur áhuga á haftengdum rekstri þá séu meiri líkur á því að fyrirtækin vinni saman.

### Hvers konar samstarf?

Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að um 7% þessara samstarfsverkefna í Húsi sjávarklasans hafa falist í stofnun sameiginlegra fyrirtækja og 40% hafa falist í sameiginlegum verkefnum sem eru annað hvort til skemmri eða lengri tíma. Rúmlega helmingur verkefnanna er síðan einhvers konar samstarf þar sem aðilar sinna þjónustu við hvern annan. Fjölbreytni í samstarfi er mikil.

### Sem dæmi um samstarf má nefna:

Fyrirtæki hóf sölu á vörum annars fyrirtækis undir vörumerki þess fyrrnefnda.

Fyrirtæki stofnuðu saman nýtt matvælaframleiðslu-fyrirtæki.

Fyrirtæki unnu saman umsókn um styrk frá ESB.

Fyrirtæki í líftækni skiptust á upplýsingum og tengslaneti og lásu yfir texta hvors annars.

Fyrirtæki keypti hlut í frumkvöðlafyrirtæki.

Fyrirtæki hófu samstarf um vottun.

Fyrirtæki hófu samstarf um að kynna græna tækni.

Fyrirtæki sinnir fjármálastjórn fyrir frumkvöðlafyrirtæki.

Fyrirtæki vinna saman að tæknilausnum fyrir skip.

Tengslanet fyrirtækis í Suður Evrópu var deilt með frumkvöðlafyrirtæki.

Ekkert eitt einkennir þau fyrirtæki sem ekki hafa verið í samstarfi við önnur fyrirtæki í Húsi sjávarklasans. Sum þessara fyrirtækja eru mjög sérhæfð sem kann að skýra að þau hafi ekki verið í samstarfi við önnur fyrirtæki.

Sú blanda, sem er til staðar í Húsi sjávarklasans, af frumkvöðlafyrirtækjum og fyrirtækjum með lengri sögu, virðist skipta hvað mestu þegar kemur að samstarfi. Eldri fyrirtækin sjá hag í því að efla núverandi starfsemi með samstarfi við frumkvöðla á meðan frumkvöðlar sækja í reynslu þeirra.

Þá hefur starfsemi Sjávarklasans, sem hefur að markmiði að tengja fyrirtæki saman, stuðlað að samstarfi. Þó er áhugavert að einungis um 20% þeirra samstarfsverkefna sem orðið hafa til, hafa komið til vegna frumkvæðis Sjávarklasans. Mikilvægur þáttur í starfi klasans hefur verið að laða í Hús sjávarklasans fólk úr ýmsum greinum og efla þannig tengslanet íbúa og gesta. Það hefur án efa skapað þau tengsl sem orðið hafa til og gert húsið um leið að áhugaverðari vettvangi til tengslamyndunar.

Ýmis frumkvöðlafyrirtæki sem tengjast matvælum hafa sýnt því áhuga að komið verði á fót tilraunaeldhúsi í Húsi sjávarklasans og enn aðrir hafa nefnt sameiginlegt rými til samsetninga á vélarhlutum, rennibekk o.s.frv. Tækjabúnaður sem þessi finnst í svipuðum húsum í Bandaríkjunum og Evrópu en í mörgum tilfellum er þar um að ræða hús sem notið hafa mikils fjárhagslegs stuðnings hins opinbera. Matarfrumkvöðlar í Húsi sjávarklasans hafa nýtt aðstöðu í Mátis og þjónustu sérfræðinga þeirra sem hefur verið afar góð. Þá hefur Nýsköpunarmiðstöð reynst mörgum frumkvöðlum vel varðandi aðstöðu tæknifyrirtækja.



Hópmýnd af klasabúum Íslenska sjávarklasans árið 2015

---

Við opnun Húss ferða- og listaklasanna að Fiskislóð í Reykjavík í byrjun árs 2018 skapast tækifæri fyrir klasana að læra af reynslunni sem fyrir liggur í Húsi sjávarklasans. Húsnæðið á Fiskislóð verður enn opnara en í Húsi sjávarklasans en miðað við reynslu Húss sjávarklasans er afar mikilvægt að í nýjum húsakynnunum verði bæði opin og lokuð rými og ný og eldri fyrirtæki. Þá hefur reynslan sýnt að opnir viðburðir og viðburðir sem hafa að markmiði að tengja fólk saman, hafa jákvæð áhrif á starfsemina. Ferða- og listaklasinn geta dregið inn í húsið reynslubolta úr þessum greinum og víkkað þannig tengslanet íbúa og gesta.

Í klasasamstarfi er afar mikilvægt að fulltrúar ólíkra fyrirtækja upplifi sig sem hluta af samfélagi og nýti sér það til að auka verðmætasköpun. Reynslan af Húsi sjávarklasans í þessu sambandi er afar jákvæð. Eins og athugun Sjávarklasans leiðir í ljós hefur Hús sjávarklasans haft jákvæð áhrif á klasastarfsemina og aukið samstarf, samvinnu og þróun nýrra hugmynda.

Nánari upplýsingar veita Berta Daníelsdóttir og Vilhjálmur Jens Árnason í síma 577-6200.